



Stjórnarfundur FNS

Fundargerð

Mánudagur 11. mars 2019 , kl. 12:00, Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ

Mættar: Systa Sigurðardóttir, Hildur Katrín Rafnsdóttir, Helga Tryggvadóttir, Svanhildur Svavarsdóttir og Margrét Arnardóttir og Klara Guðbrandsdóttir voru í fjarfundarbúnaði. Helga Lind Hjartardóttir var fjarverandi.

1. Mín framtíð
 - a. Uppsetning - hver kemst? Allar vaktir bókaðar. Setja upp básinn eftir hádegi á miðvikudeginum.
 - b. Kynningarefnið: Nafnspjöldin eru í prentun, kynningarnefndin er með þetta. Svanhildur sér um að sækja efnið í prentun, Artpró.
 - c. „Handrit“ setja niður dæmigerðar spurningar til að spyrja gesti og gangandi, Helga gerir doc skjal og prentar út til að hafa.
2. Markþjálfun - sjá skilaboð í messages á like síðu FNS - hvað finnst okkur?. Verið að bjóða okkar félagsmönnum á námskeið hjá þeim. Þurfum að vera duglegri að láta vita hvað við erum að gera. Starfsheitið okkar er villandi. Helg T svarar og spyr hvað hún eigi við með því að þeirra verkfæri henti okkur.
3. Bókun 8 - hvernig er þessi niðurstaða. Það hafa ekki allir námsráðgjafar fengið þrep, sumir skólameistarar kannast ekki við þetta. Helga T. mun heyra í Guðríði formanni FF.
4. Aðalfundur FNS verður 30. apríl kl. 15:00. Helga Lind athugar með húsnæði Mímis á Öldugötunni.

Stjórnasesta: við bjóðum okkur allar fram áfram

Ályktanir aðalfundar. Starfið markast af því sem ákveðið er á aðalfundi

Endurmenntunnaráætlun og undanþágunefnd, þarf að setja þetta í lög. Lagabreytingar hjá félaginu, er ástæða til að fara í þær.

Fara yfir hlutverk nefnda

Leggja til lagabreytingu að aðalfundur verði í apríl/maí

Hvað viljum við leggja áherslu á fyrir utan þetta hefðbundna starf.

5. Vinnuumhverfisnefnd KÍ - eitthvað að fréttá? Systa og Svanhildur, er í vinnslu.
6. Dagur náms- og starfsráðgjafar. Föstudagurinn 1. nóvember. Hvað viljum við gera úr þessum degi? Skoða tillögurnar frá síðasta degi, hafa vinnubúðir, Þurfum að vera sýnilegri, tillaga um að byrja daginn með opnum viðburði og bjóða öðrum en félagsmönnum en seinni parturinn yrði bara fyrir félagsmenn.
7. NFSY fundur á Íslandi – upplýsingar. Aðalfundur 6. apríl á Íslandi, Margrét er að skipuleggja. Erum að vinna verklagsreglur fyrir stjórnina, hefur ekki verið gert áður. Verða lagðar fyrir á fundinum til samþykktar. Fulltrúar frá Grænlandi koma á aðalfundinn og segja frá hvað þeir eru að gera og jafnvel gangi í samtökin, eins er með Álandseyjar. Formleg tilnefning frá stjórninni að Guðbjörg verði fulltrúi okkar í alþjóðarstjórn. Margrét mun segja frá því helsta sem við erum að gera hér á Íslandi. Hópur úr stjórninni fer til Bratislava og þar verður fundað. Stjórn FNS er velkomið að kíkja á fundinn eða taka þátt en þá þarf félagið að greiða fyrir það. Margrét lætur okkur vita hvað hentar best.
8. Styrku sem Anna Sig og Björg Birgis sóttu um en þær fengu synjun á sitt verkefni, þær hvetja aðra félagsmenn til að sækja um



Fundi slitið *klukkan 13.00*

Fundarritari

Svanhildur Svavarsdóttir